

1922

1982

60 ÁRA

Ungmennasamband Kjalarnesþings

SKÝRSLA OG REIKNINGAR

58. HÉRAÐSPÍNG

AÐ HLÉGARDI 20. MARS 1982

Á R S S K Ý R S L A U.M.S.K. 1 9 8 1 - 1 9 8 2

EFNISYFIRLIT:

Bls. 1	Ávarp formanns UMSK
" 2-4	Stjórnarskipan UMSK og aðildarfélaganna.
" 6-18	Skýrsla stjórnar UMSK
" 19	Þrastarskógar og sumarhús UMSK
" 20-22	Skýrsla landsmótsnefndar II.
" 23-28	Skýrslur frá aðildarfélögum: Umf. Afturelding bls. 23 Umf. Kjalnæsinga " 24 Umf. Drengur " 25 Umf. Bessastaðahrepps " 26 Íþróttafél. Gerpla " 27-28 " 29-32 Reikningar " 33-34 Lög UMSK

Ársskýrslan var unnin vikuna
15.-19. mars 1982. Sérstakar
þakkir til skrifstofu ISI og
UMFI fyrir veitta aðstoð.

KS og GB.

ÁVARP FORMANNS :

Nú þegar senn er liðið þetta fyrsta starfsár mitt sem formanns UMSK er rétt að líta til baka yfir farinn veg.

Hér að aftan er að finna dálitla skýrslu um starfsemi Ungmennasambands Kjalarneþings s.l. starfsár og er það von míni að hún gefi nokkra mynd af starfinu. Helstu erfiðleikar sem uppkomu voru Landsmótið, fjármálin, finna framkvæmdastjóra, virkja starfskrafta, endurskipulagning mótaðalda auk kynningar og upplýsingamiðlunar UMSK. Reynt var eftir bestu getu að leysa þessi mál og má segja að það hafi í flestum tilfellum gengið nokkuð vel, Landsmótsskipulagningin komst í góðar hendur þegar Landsmótnefnd, hin nýja, tók til starfa í júní.

Fjármálin, treglega hefur gengið að fá jafnmikið fé inn eins og út fór nema með lánum.

Framkvæmdastjóra var UMSK mjög heppið með. Helga Gunnarssyni og Gunnari Baldvinssyni er þakkað mikið fyrir. Virkjun starfskrafta mætti ganga betur en vonandi kemur það með aukinni starfsemi UMSK. Endurskipulagning mótaðalda; nokkur móti innan UMSK voru endurvakin og komu upp nokkrir byrjunaröröugleikar sem UMSK þarf að leysa. Kynning og upplýsingamiðlun gekk vel og halda verður áfram á sömu braut.

I lokin vil ég flytja þakkir til allra þeirra sem tengdust starfsemi UMSK á þessu síðasta starfsári. Er von míni að UMSK megi njóta þeirra og fleiri um ókomin ár og efla þannig félagslífið innan sambandsins.

Lifið heil,

Íslandi allt.

Kristján Sveinbjörnsson (sign).

Stjórnunarskipan UMSK og aðildarfélaganna.Stjórn UMSK

formaður:	Kristján Sveinbjörnsson
ritari:	Jónas Sigfússon
gjaldkeri:	Álfþór Jóhannesson
varaformaður:	Guðmundur Jónsson
meðstjórnandi:	Ólafur Hákonarson
Varastjórn:	Jón Ármann Héðinsson Reinhardt Á. Reinhardtsson Kristinn Gylfi Jónsson

Umf. Afturelding:

formaður:	Ingólfur Árnason
ritari:	Sigurður Símonarson
gjaldkeri:	Margrét Arnórsdóttir

Umf. Augnablik:

formaður:	Andrés Pétursson
ritari:	Jón Orri Guðmundsson
gjaldkeri:	Ari Þórðarson

Umf. Bessastaðahrepps:

formaður:	Ólafur B. Schram
ritari	Sólveig Valgeirsdóttir
gjaldkeri:	Bjarni Frímannsson
meðstjórnendur:	Haukur Óskarsson Einar Sveinn Reynisson

Umf. Breiðablik:

formaður:	Guttermur Sigurbjörnsson
ritari:	Konráð Kristinsson
gjaldkeri:	Erlingur Lúðvíksson
varaformaður:	Pétur Sveinsson
meðstjórnandi:	Arni Sigurmundsson

Umf. Drengur:

formaður:	Hörður Guðbrandsson
ritari:	Ólafur M. Magnússon
gjaldkeri:	Finnur Pétursson
varaformaður:	Kristján Sigurðsson
meðstjórnandi:	Eiríkur Þ. Davíðsson.

Umf. Kjalnesinga:

formaður:	Kristinn Gylfi Jónsson
ritari:	Snorri Hauksson
gjaldkeri:	Björn Björnsson
meðstjórnandi:	Garðar Jónsson
	Stefán Tryggvason

Umf. Stjarnan:

formaður:	Boði Björnsson
ritari:	Grétar Ingólfsson
gjaldkeri:	Grétar Guðmundsson
meðstjórnendur:	Bergþór Úlfarsson
	Benedikt Sveinsson
	Harðljur Einarsson

Iþróttafélagið Gerpla:

formaður:	Margrét Bjarnadóttir
	Sigurður Sverrisson
	Þorsteinn M. Gunnarsson
	Sigmar H. Sigurðsson
	Valdís Guðmundsdóttir

Iþróttafélagið Grótta:

formaður:	Gunnar Lúðvíksson
ritari:	Heimir Sindrason
gjaldkeri:	Jón Sigurðsson
meðstjórnendur:	Guðmundur Davíðsson
	Bjarni Lúðvíksson

Iþróttafélag Kópavogs:

formaður :	Eggert Jóhannesson
ritari:	Grétar Norðfjörð
gjaldkeri:	Einar Tómasson
varaformaður:	Bragi Mikaelsson
meðstjórnandi:	Arinbjörn Clausen

Siglingafélagið Ymir:

formaður:	Páll Hreinsson
ritari:	Þorsteinn Veturliðason
Gjaldkeri:	Ingvi Kristján Guttormsson
meðstjórnendur:	Kristján Hermannsson
	Borgeir Björnsson

Siglingaklúbburinn Vogur:

formaður: Erling Ásgeirsson
 ritari: Magnús Karl Pétursson
 gjaldkeri: Símon Kjærnested

Golfklúbburinn Kjöllur:

formaður: Órn Höskuldsson
 ritari: Einar Tryggvason
 gjaldkeri: Hilmar Sigurðsson
 meðstjórnendur: Gísli Árnason
 Sigrún Ragnarsdóttir
 Valgerður Jakobsdóttir

Handknattleiksfélag Kópavogs:

formaður: Halldór Runólfsson
 ritari: Magnús Gíslason
 gjaldkeri: Ragnar Laufdal
 varaformaður: Þorsteinn Einarsson
 spjaldskrárritari: Sigriður Ólafsdóttir
 Skákdeild: Albert H.N. Nikulásson

SKÝRSLA STJÓRNAR UMSK 1981-1982

57. ársþing UMSK var haldið 28. feb. 1981 í Garðaholti, Álfanesi í boði Umf. Bessastaðahrepps og Umf. Stjörnunnar. Þingið var fámennt en alls mættu þar rúmlega 30 manns.

Fram kom mikill áhugi fyrir að efla UMSK og senda fjölmennnt lið á 17. Landsmót UMFÍ. Prátt fyrir fámenni var þingið starfsamt. Gestir þess voru: Pálmi Gíslason, formaður UMFÍ, Hannes Þ. Sigurðsson, varafomaður ISI, Þorsteinn Einarsson f.v. íþróttafulltrúi og Axel Jónsson f.v. form. UMSK og alþingismaður.

Í stjórn og trúnaðarstöður hlutu kosningu:

<u>Stjórn</u>	formaður:	Kristján Sveinbjörnsson	Umf. Bessast.hr.
	meðstj.:	Guðmundur Jónsson	Umf. Stjarnan
	"	Jónas Sigfússon	Umf. Kjalarn.
	"	Álfþór Jóhannsson	Umf. Grótta
	"	Ólafur Hákonarson	UBK
<u>varastjórn:</u>		Jón Ármann Héðinsson	HK
		Reinhardt Reinhardtsson	ÍK
		Kristinn Gylfi Jónsson	Umf. Kjalarn.
<u>Endurskoðendur:</u>		Bjarni Lúðvíksson	
		Magnús Þjarnason	
<u>til vara:</u>		Steindór Ólafsson	
		Páll Bjarnason	

Yfirlit yfir fundi og fundarsókn hjá UMSK starfsárið 1981-1982.

Tafla yfir stjórnarfundi	9/3	26/3	27/4	4/5	18/5	1/6	15/6	29/6	20/7	13/8	28/8	12/10	26/10	12/11	15/12	2/2	2/3
Alfbör Jóhannsson	x	x				x			x	x					x	x	= 5
Guðmundur Jónsson	x		x		x	x	x			x	x			x	x		x = 8
Jónas R. Sigfússon	x			x		x	x		x	x	x			x	x		x = 8
Kristján Sveinbjörnsson	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x		x = 16
Ólafur Hákonarson	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x		x = 7
Helgi Gunnarsson																	
Gunnar Baldvinsson															m	m	
Kristinn Jónsson	s									s				s	s		
Jón Á. Héðinsson	s					s	s	s	s	s				s	s		
Reinhardt Reinhardtsson	s										s						
x = stjórnarmenn																	
s = varamenn í stjórn																	
m = frankvændastjórar																	

Á stjórnarfundi 02.02.82 voru eftirtaldir kosnir í framkvændastjórn UMSK: Kristján Sveinbjörnsson, Gunnar Baldvinsson, og Jónas R. Sigfússon. Frankvændaneftnd hefur haldið einn fund og voru allir nefndarmenn mættir.

Á yfirstandandi ári hafa verið haldnir þrír fundir, svokallaðir formannafundir, en það er sambomba stjórnar UMSK og formanna einstakra félaga innan sambandsins. Þátttaka á þessum fundum var allgóð og sýndu bessir fundir, að þeir auðvelda stjórn UMSK að komast í beint samband við einstaka formenn auk þess stuðla þeir að innbyrðis kynnum. Áður-neftdir fundir voru haldnir 30.03.81, 27.07.81 og 18.02.82.

Fundur stjórnar og landsmótsneftdar var haldinn 09.06.81.

LANDSMÓTIÐ

UMSK tók þátt í 17. Landsmóti UMFÍ sem haldið var á Akureyri dagana 10.-12. júlí 1981. Þátttaka í landsmótinu var stærsta verkefni sambandsins s.l. ár en nánar um landsmótið vísast til skýrslu landsmótsnefndar hér fyrir aftan.

Nokkrir erfiðleikar voru í fyrstu við undirbúning, sökum þess hve erfiðlega gekk að skipa landsmótsnefnd. Segja má, að öllu hafi verið bjargað fyrir horn, þegar starfsmaðurinn, Helgi Gunnarsson tók til starfa. Á hann skilið miklar þakkir fyrir sitt góða starf.

Í heildina heppnaðist landsmótsferðin mjög vel þrátt fyrir stuttan undirbúning. UMSK má vel við una með 2.sætið en við stefnum vitaskuld næst að sigri.

DÓMARANÁMSKEID Í HANDBOLTA

Skv. ósk eins aðildarfélagsins var ákveðið að halda dómaranámskeið í handbolta dagana 15.-17. september s.l.

Þáttakendur á námskeiðinu voru um 10 talsins, frá HK, UBK og Umf. Aftureldingu. Hlutu þáttakendur réttindi sem héraðspjálfarar. Leiðbeinandi á námskeiðinu var Árni Tómasson frá HSÍ.

UMSK-BLAÐIÐ

Við upphaf starfa Helga Gunnarssonar hjá UMSK í júní s.l. var ákveðið að hans helsta verkefni, auk landsmótsins, yrði fjárföflun. Í því sambandi var samp. að gefið yrði út landsmótsblað sem dreift yrði ókeypis á félagssvæði UMSK.

Ekki vannst tími til að hefjast handa fyrr en að landsmóti loknu. Lítill tími var þá orðinn eftir af ráðningarsamningi Helga og þegar honum lauk, stóð blaðið þannig, að eftir var að safna a.m.k. helmingi meira af auglýsingum, en allt annað efni var tilbúið. Tók þá undirritaður við og safnaði þeim auglýsingum sem á vantaði.

Í lok sept. var blaðið sett í prentun og í nóvember kom blaðið út. Fullyrða má, að þetta UMSK-blað hafi verið eitt það vandaðasta sem UMSK hefur gefið út, en það kom niður á tekjum blaðsins sem því miður voru ekki miklar.

HÚSNÆÐISMÁL UMSK

Eitt af stærri málum eftir seinasta þing var að finna UMSK framtíðar húsnæði, því herbergi það sem við höfðum í Kópavoginum, vorum við að missa. Leitað var til UMFÍ sem útvegaði okkur bráðabirgða aðstöðu sem við höfum haft síðan. Ætlunin er að fá að vera inni hjá UMFÍ, þar til húsnæðismál UMSK skýrast.

FÉLAGSMÁLANÁMSKEIÐ

Frekar treglega hefur gengið að halda félagsmálanámskeið á vegum UMSK s.l. starfsár. Má sjálfsagt um kenna kraftleysi stjórna aðildarfélaganna og eins stjórnar UMSK fyrir að drífa ekki í gegn slík námskeið.

Félagsmálanámskeiðin hafa ætíð verið þeim félögum sem þau hafa haldið, mikil lyftistöng og fásinna er að halda því fram, að ekki sé grundvöllur hjá einstökum félögum fyrir slíkum námskeiðum.

Eftirtalin námskeið hafa verið haldin og á eftir að halda:

<u>1981-82</u>	<u>heiti</u>	<u>félag</u>
nóv.	Félagsmálanámskeið I	Umf. Bessastaðahrepps
feb.-april	" I	Barnask. Flask.
26.-28. mars	" I	Umf. Kjalnesinga

kennarar: Þór Indriða, Kr. Sveinbjörnsson

FRÉTTABRÉF UMSK

I janúar kom út 1. tbl. Fréttabréfs UMSK. Síðan hafa komið út tvö bréf í viðbót, eitt í febrúar og annað í mars. Tilgangurinn með útgáfu bréfsins er sá að efla upplýsingastreymi innan samb. og eins að skapa vettvang til gagnlegra skoðanaskipta um málefni hreyfingarinnar.

Viðtökur bréfanna hafa verið góðar og er það mál manna, að útgáfa þess eigi að halda áfram og að tilkoma bréfsins sé stórt framfara-spor í starfi sambandsins.

BÚNINGURINN

Nokkrar umræður urðu hjá sambandinu um búning fyrir landsmótið. Niðurstaðan varð sú, að saumaðir voru 250 búningar sem seldir voru landsmótsförum á hálfvirði, 150 kr., en öðrum á kostnaðarverði. Í dag eru til 30 búningar sem ætlunin er að selja, þeir eru í stærðum 32-36.

KENNSLUSKÝRSLUR

Um langt árabil hefur útfylling kennsluskýrslna verið vandamál hjá mörgum aðildarfélögum. Engir leiðbeinendabæklingar hafa verið fáanlegir og því hafa mörg félög fyllt skýrslurnar of seint út og oft hefur það verið illa gert.

Vegna þessa gerði UMSK á síðasta ári, leiðbeinendabækling. Haft var samráð við Hermann Guðmundsson framkvæmdastjóra ÍSÍ og Sigurð Geirdal framkvæmdastjóra UMFÍ við gerð bæklingsins auk þess sem Þorsteinn Einarsson f.v. íþróttafulltrúi gaf góð ráð.

Það er von stjórnar UMSK að með tilkomu þessa bæklings verði skýrslurnar gerðar betur og fyrr af hálfu félaganna og muni það færa þeim auknar tekjur í formi kennlustyrks.

UMSK-TJALDIÐ

Árið 1975 keypti UMSK eitt af hinum svokölluðu þjóðhátiðartjöldum, af Innkaupastofnun ríkisins. Tjaldið, sem er af stærðinni 8x16m, hefur verið notað á landsmótum UMFÍ, auk þess sem það hefur verið lánað einstöku sinnum.

Á síðasta ári óskuðu þrjú aðildarfélög, Umf. Bessastáðahrepps, Umf. Afturelding og Umf. Breiðablik, eftir því að fá það lánað og það öll sama daginn, 17. júní. Samþykkt var að lána Umf. Aftureldingu tjaldið vegna þess að UMFA hefur undanfarin ár séð um geymslu og tryggingar á tjaldinu og þannig tryggt sér forgangsrétt á því.

UMSK væntir þess að í framtíðinni geti aðildarfélögin nýtt sér þessa eign sambandsins betur en verið hefur.

NÝTT FÉLAG

Hinn 27. sept. s.l. var stofnað nýtt ungmannafélag í Kópavoginum, Umf. Augnablik. Tilgangurinn með stofnun félagsins er sá að veita ungum mönnum í Kópavogi tækifæri á að iðka knattspyrnuna án þess álags, sem hvílir orðið á leikmönnum sem æfa með 1.deildarliðum, en félagar í Augnablik eru mest allt fyrrverandi félagar úr UBK.

Á stjórnarfundi UMSK 15. des. s.l. var samþykkt innganga Augnabliks í UMSK.

Stjórn UMSK óskar Umf. Augnablik til hamingju með stofnunina og farsældar í starfi.

PING, FUNDIR, AFMÁLI OG RÁÐSTEFNUR

10 ára afmælisfagnaður Gerplu var haldinn dagana 25. apríl og 26. apríl 1981 í íþróttahúsi félagsins, Skemmuvegi 6, Kópavogi. Fyrri daginn var fimleikasýning en seinni daginn var boðið til glæsilegs kaffisamsætis. Afmælið sóttu frá UMSK Kristján og Jón Ármann.

Sambandsstjórnarfundur ÍSÍ var haldinn þann 16. maí að Hótel Loftleiðum. Helstu mál fundarins voru styrkveitingar til sér-sambandanna, skýrsla frá fjárhagsnefnd ÍSÍ og fleiri mál.

Framkvæmdastjóranámskeið UMFÍ. Dagana 12.-14. júní 1981 var haldin í Hrafnagilsskóla, Eyjafirði, framkvæmdastjóranámskeið UMFÍ. Námskeiðið fjallaði að mestu leyti um væntanlegt landsmót UMFÍ, og undirbúning fyrir það. Þátttakendur voru frá flestum héraðssamböndunum og var það samdóma álit allra þátttakenda að námskeiðið hefði heppnast mjög vel. Af hálfu UMSK sóttu námskeiðið þeir Helgi Gunnarsson og Kristján Sveinbjörnsson.

32. sambandsþing UMFÍ var haldið dagana 5.-6. sept. 1981 að Kirkjubæjarklaustri, V-Skaftafellssýslu. Þar voru samankomnir 65 fulltrúar hvaðanæða af landinu.

Eftirtaldir fulltrúar voru frá UMSK: Hafsteinn Jóhannsson, Kristján Sveinbjörnsson, Páll Aðalsteinsson, Páll Bjarnason, Pálmi Gíslason, Guðlaug Ásbjörnsdóttir og Sigurður Geirdal.

70 ára afmælisfagnaður ÍSÍ. Framkvæmdastjórn ÍSÍ bauð þann 30. janúar til mikillar afmælishátiðar í tilefni 70 ára afmælis Íþróttasbands Íslands.

Hátiðin hófst í Þjóðleikhúsinu með þriggja tíma skemmtidagskrá, þar sem m.a. Gerpla var með tvö atriði. Að lokinni sýningunni í Þjóðleikhúsinu var gestum boðið í kaffi að Hótel Borg. Afmælið sótti af hálfu UMSK, Kristján Sveinbjörnsson.

Ráðstefna, námstefna. Dagana 26. og 27. maí 1981 var haldin á vegum Sambands íslenskra sveitafélaga ráðstefna um gerð og rekstur íþróttamannvirkja. Ráðstefnan var haldin á Hótel Sögu og sóttu hana um 130 manns.

A ráðstefnunni var rætt um: íþróttahús, sundlaugar, skíðastaði og íþróttavelli. Ráðstefnan var gagnleg. Af hálfu UMSK sótti ráðstefnuna Kristján Sveinbjörnsson.

Dagana 8.-10. janúar var haldin námstefna um æskulýðsmál á vegum Æskulýðsráðs Reykjavíkur, Æskulýðsráðs ríkisins og Sambands Ísl. sveitafélaga. Námstefnuna sótti af hálfu UMSK Kristján Sveinbj.

MÓTAKRÁ UMSK 1982

Stjórn UMSK hefur ákveðið mótaskrá fyrir árið 1982. Skv. henni verða mót haldin á vegum UMSK til talsins, sem er nokkrum fleiri en undanfarin ár. Mótaskráin lítur svona út:

<u>Mót:</u>	<u>dags:</u>	<u>staður:</u>
Handknattleiksmót	2.-3. jan.	íþróttahús svæðisins
Innanhúsm. í frjálsíþróttum	apríl	Baldursh.+Mosfellssv.
Innanhúsknattspyrnumót	3.-4. apríl	Mosfellssveit
Skólahlaup UMSK	2. maí	Garðaskóli
Siglingamót kjölbáta	9.-11. júlí	Ýmir, Kópavogi
Héraðsmót í frjálsíþróttum	ágúst	Kópavogsvelli
Siglingamót yngri flokka	28. ágúst	Vogur, Garðabæ
Knattspyrnumót	ágúst	Knattsp.vellir svæðisins
Handknattleiksmót	sept/okt	íþróttahús svæðisins
Badmintonmót	október	Gerpluhús
Skákmót UMSK	október	Fólkvangi Kjalarnesi

Búið er að halda eitt af þessum mótum, dagsetja fjögur, en sex hafa ekki enn fengið dagsetningu. Það verkefni bíður 58. ársþings UMSK.

Hága þarf vinnslu á mótaskránni öðru viði í framtíðinni. Hún þarf að vera tilbúin fyrr á árinu og er það umhugsunarefni, hvort formannafundur í upphafi árs eigi ekki að ganga frá fullgerðri mótaskrá ár hvert.

LANDSHAPPDRÆTTI UNGMENNAFELAGANNA

Happdrætti ungmenrafelaganna gekk mjög vel hjá UMSK s.l. ár.

Söluaukning var 44% en alls seldust 2677 miðar. Samtals fengu félögin í sölulaun rúmlega kr. 40.000,-. 9 vinningar komu upp hjá sambandinu að verðmæti kr. 34.000,-.

Yfirlit yfir selda miða hjá UMSK 1981

<u>félag:</u>	<u>1981</u>	<u>1980</u>	<u>mismunur</u>
Umf. Afturelding	272	230	+ 18%
Umf. Bessastaðahr.	172	76	+126%
Umf. Breiðablik	631	451	+ 40%
Umf. Drengur	86	45	+ 91%
Umf. Kjalnesinga	150	91	+ 65%
Umf. Stjarnan	163	220	- 26%
Íþróttafél. Gerpla	738	391	+ 89%
Íþróttafél. Kópavogs	184	255	- 28%

<u>félag:</u>	<u>1981</u>	<u>1982</u>	<u>mismunur</u>
Iþróttafél. Grótta	138	0	
Siglingafél. Ýmir	61	100	+ 39%
Siglingakl. Vogur	60	0	
Golfkl. Kjölur	0	0	
Handknattleiksf. Kópav.	0	0	
Skrifstofa UMSK	<u>38</u>	<u>0</u>	
	<u>2677</u>	<u>1859</u>	<u>+ 44%</u>

I P R O T T A M Ó T U M S K

HÉRAÐSSMÓT UMSK Í FRJÁLSÍÞRÖTTUM.

Síðastliðið sumar var endurvakið Héraðsmót UMSK í frjálsíþróttum, en slikt hefur ekki verið haldið um nokkurra ára skeið.

Héraðssmótið var haldin dagana 22., 23. og 25. ágúst af frjálsíþróttadeild Breiðabliks, á Kópavogsvelli. Mótið þótti takast vel og hér á eftir fara úrslit mótsins:

Héraðsmót UMSK í Kópavogi 22., 23. og 25. ágúst.

Órslit.

Karlar:

100 m hlaup:	1. Guðni Sigurjónsson 2. Hreinn Jónasson 3. Páll J. Kristinsson 4. Einar Gunnarsson	UBK UBK UBK UBK	11,8 sek 12,0 " 12,0 " 12,1 "
400 m hlaup:	1. Guðni Sigurjónsson 2. Þorsteinn Sigurmundss. 3. Jóhann Sveinsson	UBK UBK UBK	55,9 sek 59,4 " 62,7 "
1500 m hlaup:	1. Gunnar Snorrason 2. Einar Sigurðsson 3. Bjarki Bjarnason	UBK UBK UMFA	4:50,4 mín 4:51,2 " 5:17,2 "
3000 m hlaup:	1. Gunnar Snorrason	UBK	9:45,1 mín
4x100 m boðhl.:	1. Þorsteinn S., Einar G., Sigurjón V. og Guðni S. 2. Hreinn J., Hafsteinn J., Gunnar S. og Helgi H.		47,9 sek 48,1 "
Hástökk:	1. Karl W. Frederiksen 2. Hafsteinn Jóhannesson 3. Helgi Hauksson	UBK UBK UBK	1,85 m 1,85 " 1,80 "
Stangarstökk:	1. Karl W. Frederiksen 2. Gunnar Snorrason	UBK UBK	4,00 m 2,80 "
Langstökk:	1. Helgi Hauksson 2. Hreinn Jónasson 3. Eggert Bogason 4. Páll J. Kristinss. 5. Einar Gunnarsson	UBK UBK UMFA UBK UBK	5,94 m 5,86 " 5,41 " 5,32 " 5,25 "
Pristökk:	1. Helgi Hauksson 2. Hreinn Jónasson	UBK UBK	12,42 m 11,86 "

Karlar frh:

Kúluvarp:	1. Eggert Bogason 2. Hreinn Jónasson 3. Guðni Sigurjónsson 4. Gunnar Órn Rúnarsson	UMFA URK UBK UBK	13,08 11,12 10,24 9,07	m " " "
-----------	---	---------------------------	---------------------------------	------------------

Spjótkast:	1. Hreinn Jónasson 2. Eggert Bogason 3. Helgi Hauksson 4. Guðni Sigurjónsson	URK UMFA UBK UBK	63,24 55,46 49,06 41,43	m (héraðsmet) m " "
------------	---	---------------------------	----------------------------------	------------------------------

Kringlukast:	1. Þorsteinn Alfreðsson 2. Eggert Bogason 3. Hafsteinn Jóhannesson 4. Helgi Hauksson	UBK UMFA UBK UBK	39,37 38,38 35,17 33,88	m " " "
--------------	---	---------------------------	----------------------------------	------------------

Konur:

100 m hlaup:	1. Helga D. Árnadóttir 2. Hrönn Guðmundsdóttir 3. Ragna Ólafsdóttir	UBK UBK UBK	12,5 12,8 14,0	sek " "
--------------	---	-------------------	----------------------	---------------

400 m hlaup:	1. Hrönn Guðmundsdóttir	UBK	68,0	sek
--------------	-------------------------	-----	------	-----

1500 m hlaup:	1. Guðrún Karlsdóttir	UBK	5:19,0	mín
---------------	-----------------------	-----	--------	-----

4x100 m boðhlaup:	1. A-sveit UBK Helga Á., Hrönn G., Ragna Ó. og Ásta G.	52,9	sek
	2. B-sveit UBK Kristín J., Inga Ó., Íris J. og Guðrún S.	56,7	sek

100 m gr.hl.:	1. Ragna Ólafsdóttir	UBK	18,2	sek
---------------	----------------------	-----	------	-----

Hástökk:	1. Íris Jónsdóttir 2. Guðrún Sveinsdóttir 3. Inga Úlfssdóttir	UBK UMFA UMFA	1,60 1,60 1,55	m " "
----------	---	---------------------	----------------------	-------------

Langstökk:	1. Helga D. Árnadóttir 2. Ragna Ólafsdóttir 3. Inga Úlfssdóttir 4. Íris Jónsdóttir	UBK UBK UMFA UBK	4,87 4,72 4,64 4,32	m " " "
------------	---	---------------------------	------------------------------	------------------

Konur frh:

Kúluvarp:	1. Hafdís Ingimarsdóttir 2. Íris Jónsdóttir 3. Ragna Ólafsdóttir 4. Helga D. Árnadóttir 5. Inga Úlfssdóttir	UBK UBK UBK UBK UMFA	8,53 7,19 6,97 6,87 6,66	m " " " "
-----------	---	----------------------------------	--------------------------------------	-----------------------

Spjótkast:	1. Hafdís Ingimarsdóttir 2. Ragna Ólafsdóttir	UBK UBK	30,45 26,20	m "
------------	--	------------	----------------	--------

Kringlukast:	1. Ásta B. Gunnlaugsdóttir 2. Íris Jónsdóttir 3. Kristín Jónsdóttir 4. Hafdís Ingimarsdóttir	UBK UBK UBK UBK	31,10 28,89 23,62 18,65	m " " "
--------------	---	--------------------------	----------------------------------	------------------

Knattspyrnumót UMSK

Um mánaðamótin sept. okt fór fram knattspyrnumót UMSK í 2. fl., 3. fl., 4. fl., 5. fl., og 6. fl.

5 félög tóku þátt í mótinu, ÍK, Stjarnan, Breiðablik,

Afturelding og Gróttá. Flokkunum var skipt niður á félögin. Verðlaunapeningar voru afhentir fyrir 1. og 2. sætið í hverjum flokk.

6. fl. Gróttá	6. fl. B	5. fl. ÍK	4. fl. Afturelding	3. fl. Stjarnan	2. fl. Breiðablik
1. ÍK	1. ÍK	1. ÍK	1. ÍK	1. Breiðablik	1. Breiðablik
2. Stjarnan	2. Stjarnan	2. Stjarnan	2. Stjarnan	2. Stjarnan	2. ÍK
3. Breiðablik.	3. Gróttá	3. Breiðablik	2. Breiðablik	3. ÍK	1. Stjarnan
4. Afturelding		4. Gróttá	4. Afturelding	4. Gróttá	4. Gróttá
5. Gróttá		5. Afturelding	5. Gróttá		

KNATTSPYRNUMÓT UMSK INNANHÚSS

Dagana 4. og 5. apríl var haldið innanhúsmót í knattspyrnu hjá UMSK. Um mótið sá Umf. Stjarnan, Garðabæ og var það haldið í Íþróttahúsinu Ásgarði.

5 félög tóku þátt í mótinu. Þrátt fyrir nokkrar tilraunir hafa ekki fengist upplýsingar um úrslit mótsins frá Stjörnunni.

SIGLINGAMÓT UMSK

Siglingamót UMSK í "optimist" (það eru einsmanns bátar fyrir yngri aldursflokka) var haldið 6. sept. af Siglingakl. Vog, Garðabæ.

Auk Vogs tóku þátt í mótinu Siglingafélagið Ýmir og Siglingafélagið Þýtur, Hafnarfirði, sem gestir. Einnig voru tveir þátttakendur frá nýstofnuðu félagi á Seltjarnarnesi, Siglingaféld. Sigurfari.

Hér á eftir koma úrslit mótsins:

Yngri flokkur, 8-12 ára:

1.	Hjörleifur Hjörleifsson	Þyt	30,42
2.	Hjörtur Bragason	Þyt	32,54
3.	Jósep Halldórsson	Þyt	33,28
4.	Jón P. Þórisson	Kóp	33,56
5.	Haukur Bragason	Þyt	34,14
6.	Stefán Kjarnisted	Vog	35,20
7.	Sigurður Hergeirsson	Þyt	35,58
8.	Agni Ásgeirsson	Vog	36,16
9.	Magnús Valþórsson	Þyt	37,46
10.	K. Skúlason	Þyt	39,14
11.	Atli Magnússon	Vog	42,32
12.	Rúnar Ómarsson	Sigurfl.	-

Eldri flokkur, 12-14 ára:

1.	Arnbjörn Ragnarsson	Þyt	46,50
2.	Ottar Hrafnelsson	Kóp	47,09
3.	Ingólfur Einarsson	Þyt	47,11
4.	Baldvin Björgvinsson	Kóp	47,25
5.	Guðmundur Kjærnested	Vog	47,27
6.	Jón Aðils	Vog	47,51
7.	Jón Björnsson	Þyt	49,47
8.	Eyjólfur Guðmundsson	Þyt	52,12
9.	Guðmundur Hjartarson	Sigurfl.	-

SKAKMÓT

Dagana 8., 9. og 10. maí 1981 hélt UMSK undankeppni í skák fyrir landsmót UMFÍ. Auk UMSK tóku þátt í mótinu UMSB, Umf. Bolungarvíkur, Umf Geisli, Súðavík og HSH.

Jón A. Pálsson, skákmaður úr Kópavogi sá um mótið ásamt Kristjáni Sveinbjörnssyni. Mótið var haldið í Hamraborg 1, Kópavogi.

Úrslit urðu sem hér segir:

1. Umf. Bolungarvíkur	11 vinningar
2. UMSK	10,5 "
3. HSH	7,5 "
4. Umf. Geisli	5,5 "
5. UMSB	5,5 "

Þeir sem tefldu fyrir UMSK voru: Björn Theodórsson, Jón Pálsson, Hálfdán Hermannsson, Hörður Jónsson, Kristján Sveinbjörnsson, Jón Þóroddsson og Björn Jónsson.

HANDKNATTLLEIKNISMÓT UMSK

Handknattleiksmót UMSK var haldið um áramótin og var það fyrsta handknattleiksmót sem UMSK hefur haldið um árabil. Fimm félög tóku þátt í mótinu og var flokkunum skipt niður á þau. Samvinnubanki Íslands gaf sjö veglega bikara til mótsins.

Nokkuð erfiðlega gekk að fá sum félög til að sjá um sína flokka og jafnvel mæta til leiks. Þannig er t.d. keppni í 2.fl. karla ekki lokið, en henni hefur verið frestað hvað eftir annað.

UMSK vill þakka einum manni sérstaklega starf hans við þetta mótt, en það er form. handknattleiksdeildar Aftureldingar, Davíð Sigurðsson.

Úrslit urðu sem hér segir:

M.fl. karla, haldið hjá Aftureldingu Mosfellssveit:

1. Afturelding	6 stig	3. HK	2 stig
2. Breiðablik	4 "	4. Grótta	0 "

3.fl. karla, haldið hjá Íþróttafél. Gróttu, Seltjarnarnesi

1. HK	8 stig	4. Grótta	2 stig
2. Breiðablik	4 "	5. Stjarnan	0 "
3. Afturelding	4 "		

4.fl. karla, haldið hjá Umf. Aftureldingu

1. HK	6 stig	3. Afturelding	2 stig
2. Stjarnan	3 "	4. Grótta	1 "

5.fl. karla, haldið hjá Breiðablik í Kársnesskóla, Kópavogi

- | | |
|----------------|--------|
| 1. HK | 4 stig |
| 2. Afturelding | 2 stig |
| 3. UBK | 0 stig |

2.fl. kvenna, haldið hjá Umf. Stjarnunni, Garðabæ

- | | |
|-------------------|--------|
| 1. Umf. Stjarnan | 4 stig |
| 2. Umf. Aftureld. | 2 stig |
| 3. HK | 0 stig |

3.fl. kvenna, haldið hjá HK, Kópavogi í Kársnesskóla

- | | | | |
|----------------|--------|-------------|--------|
| 1. Afturelding | 6 stig | 3. Stjarnan | 3 stig |
| 2. UBK | 3 stig | 4. HK | 0 stig |

LOKAORD

Það væri ekki að bera í bakkafullan lækinn eft sagt yrði að vinnslá þessarar skýrslu hefði verið einkennandi fyrir störf UMSK 1981-1982. Tímaskortur og alltof fáar hendur hafa verið hér ríkjandi og hið sama má reyndar segja um alla starfsemi sambandsins.

En fátt er svo með öllu illt að ei boði gott. Áhugi á starfsemi UMSK fer vaxandi, hægt og sígandi þokast hann í rétta átt.

Sífellt fleiri gera sér grein fyrir því, hversu nauðsynlegt samþandið er fyrir félögin og er það vel, því skilningur eykur áhuga og áhugi eykur starf.

Síðasta starfsár hjá UMSK hefur verið ár framfara. Tekist hefur verið á við mörg stór verkefni, svo sem þátttaka í Landsmóti UMFÍ, útgáfa UMSK-blaðsins o.fl. En betur má ef duga skal.

Fleiri hendur verða að koma til svo starfsemi sambandsins verði eðlileg og aðildarfélögin fái sem mest út úr samvinnu sinni.

Að loknum lestri skýrslu stjórnar og landsmótsnefndar má sjá, að mikið starf hefur verið unnið á vegum sambandsins s.l. ár. Ef mótaskrá ársins 1982 er skoðuð sést að mörg verkefni eru framundan og þar sem verkefnin eru nóg geta menn litið björtum augum til framtíðarinnar. Sameinumst um að styrkja UMSK í starfi.

F.h. stjórnar UMSK,

Kristján Sveinbjörnsson (sign)

Gunnar Baldvinsson (sign).

ÞRASTARSKÓGUR OG SUMARHÚS UMSK

Um mánaðarmót júní/júlí fór Vinnuskóli Mosfellssveitar til vinnu í Þrastarskógi. Í förinni voru 46 unglingar, fjórir floksstjórar og skólastjóri Vinnuskólans, Guðmundur Jónsson kernari.

Unnið var að hreinsun í skóginum, safnað saman rusli og dauð tré fjarlægð. Jafnframt var unnið við gangstíga og gengið með girðingum. Íþróttavöllurinn og skógurinn allur var í óvenju góðu ásigkomulagi þetta árið, má þakka það Kristjáni Jónssyni, skógarverði.

Sumarhús UMSK var lítið notað í summar, þarf að gera meira af því og nota útivistarsvæðið í Þrastarskógi af félögum UMSK.

Umf. Afturelding og Íþróttafél. Kópavogs fóru austur og dvöldu þar við íþróttir og leiki. Það hefur verið fastur liður hjá okkur í UMSK að fara einn dag á ári í Þrastarskógi til starfa og leikja. Félagar Aftureldingar hafa haft veg og vanda af þeim störfum í flestum tilfellum. Mosfellshreppur hefur stutt það starf með miklum ágætum.

Í summar væri mikil þörf á að útbúa tjaldstæði í næsta nágrenni við sumarhúsið, mála það og fullgera. Félögin í UMSK eru hvött til þess að nota sumarhúsið og gerast virkir þátttakendur í Þrastarskógi.

P.A.

SKÝRSLA LANDSMÓTSNEFNDAR II

Landsmótsnefnd II var skipuð á stjórnarfundi UMSK þann 1. júní 1981. Eftirtaldir áttu sæti í nefndinni:

Kristján Sveinbjörnsson, formaður UMSK

Helgi Gunnarsson, framkvæmdastj. UMSK sumarið 1981

Aðalsteinn Pálsson og

Jóhann Sigurjónsson.

I stuttu máli má segja að starf nefndarinnar hafi einkennst af tímabréng og skammtíma "reddingum" enda var ekki nema u.p.b. mánuður til Landsmóts þegar hún tók til starfa. Undirbúningur og framkvæmd sjálfarar landsmótsferðarinnar varð því megin verk-efni nefndarinnar. Mjög gott samstarf var innan nefndarinnar og hefði hún ekki getað skilað sínu hlutverki án þess. Alls hélt nefndin fjóra formlega fundi auk fundar með sérgreinastjórum. Þaulsætni á fundum gefur þó ekki rétta mynd af starfi nefndarinnar þar sem þeir sem í henni voru höfðu fáum öðrum en sjálfum sér á að ýta til að gera það sem gera þurfti.

Það verður að teljast að langtímaundirbúningur hjá UMSK fyrir 17. Landsmótið hafi verið af skornum skammti. Landsmótsnefnd I sem tók til starfa á miðju árinu 1980 hafði þegar hér var komið sögu lagt upp laupana og leystst upp í frumeindir sínar. Má því segja, að undirbúningur fyrir Landsmótið hafi um nokkurt skeið verið mest á hendi stjórnar.

Þegar Landsmótsnefnd II kom til starfa, voru æfingar hafnar í flestum keppnisgreinum fyrir Landsmót, en mjög var mismunandi hversu vel þær voru á veg komnar. Í knattleikjum höfðu samæfingar t.d. staðið í u.p.b. mánuð, en undirbúningur frjálsíþróttaliðs og fimleika hafði staðið mun lengur. Skipaðir höfðu verið ábyrgðarmenn eða sérgreinastjórar fyrir flestar greinar. Voru þeir einskonar tengiliðir milli íþróttafólksins og landsmótsnefndar. Þeir höfðu meðal annars yfirumsjón með æfingum og sáu um skráningu keppenda hver í sinni grein.

Eftirtaldir gegndu starfi sérgreinastjóra fyrir Landsmótið:

3	Fyrir Blak	Albert H.N. Valdimarsson
9	" Borðtennis	Guðrún Einarsdóttir
1	" Frjálsíþróttir	Svjó/Hafsteinn Jóhannesson
2	" Handknattleik kv.	Arnþrúður Karlsdóttir
7	" Körfuknattleik	Anton Bjarnason
4	" Skák	Jón Pálsson

6	Fyrir Sund	Sjöfn Vilhjálmsdóttir
5	" Fimleika	Margrét Bjarnadóttir
8	" Siglingar	Valdimar Órn Karlsson

Guðmundur Rögnvaldsson aðstoðaði við undirbúning tveggja júdó-manna, en margir komu við sögu við útvegun keppenda í starfs-íþróttir, þar sem settur sérgreinastjóri brást. Ekki tókst að fá keppendur í glímu að þessu sinni og er það miður.

Landsmótsnefnd UMSK lagði áherslu á kynningu Landsmótsins á sínu félagssvæði. Beindist hún fyrst og fremst til aðildarfélaganna og félagsmanna. Einnig var reynt að ná til alls almennings á félagssvæðinu t.d. með veggauglýsingum og gegnum fjölmíðla með auglýsingum og fréttapistolum. Mesta áherslu lagði þó Landsmótsnefnd á tengsl sín við beina þátttakendur í Landsmótinu þ.e.a.s. keppendur, þjálfara, liðsstjóra, fararstjóra o.s.fr. Voru fyrrgreindir sérgreinastjórar mikilvægur hlekkur í þessu sambandi.

Landsmótsnefndarmenn hófu begar heimsóknir á æfingar og fundi hjá væntanlegum landsmótsfórum og haldinn var einn fundur með sérgreinastjórum. Á þeim fundi kynnti Landsmótsnefnd meðal annars ferðaaætlun fyrir Landsmótið og skýrði frá aðstæðum á móttssvæðinu á Akureyri. Þá skýrðu sérgreinastjórar frá gangi mála hver í sinni íþróttagrein.

Nokkru fyrir Landsmót gaf landsmótsnefndin svo út bækling sem innihélt allar helstu upplýsingar um ferðina á mótið og mótið sjálft. Var bæklingi þessum dreift til allra þátttakenda.

Landsmótsnefnd skipulagði ferð með langferðabílum norður til Akureyrar og greiddu þátttakendur sem svaraði helmingi fargjaldsins eða kr. 100. Flestir notfærðu sér þessa fyrirgreiðslu frá hendi UMSK en allmargir fóru þó norður á eigin vegum og stóðu þeir allan straum af sínum ferðakostnaði. Einnig sá UMSK öllum þátttakendum sínum, eða nær 200 manns, fyrir friú fæði á mótsstað. Önnur friðindi sem þátttakendur þágu frá UMSK var æfingabúningur sambandsins sem þeir fengu á hálfvirði kr. 150,-.

Eins og fram hefur komið, sendi UMSK þátttakendur í allar keppnisgreinar 17. Landsmótsins, nema glímu. Knattspyrnulið UMSK féll úr keppni þegar í forkeppni og mætti því ekki til leiks á sjálft landsmótið. Í sýningargreinum mótsins var þátttaka UMSK með miklum glæsibrág í fimleikum og siglingum. Hér verður ekki lýst frekar undirbúningi og árangri UMSK í einstökum keppnisgreinum, þar sem það yrði of langt mál. Vísast í þessu sambandi í UMSK blaðið 1981.

Gerð hefur verið grein fyrir helstu þáttum í starfi Landsmótsnefndar og þeim verkefnum sem hún leysti af hendi. Eins og nærrí má geta var starf nefndarinnar ærið erilsamt, ekki síst vegna þess að of fáir lögðu nefndinni lið. Lögðu nefndarmenn nött við dag við undirbúninginn og eins við vinnu á mótinu sjálfu. Útvega þurfti fæði og búninga fyrir um 200 manns, gera við stóra tjaldið, koma því norður og reisa það, sjá keppendum fyrir fari og svefnró á keppendatjálfbúðunum svo nokkuð sé nefnt.

Að sjálfsögðu lögðu allir nefndarmenn leið sína norður á Landsmótíð. Aðalsteinn Pálsson fór flugleiðis norður nokkru fyrir móti til að sjá um uppsetningu UMSK tjaldsins. Helgi Gunnarsson fór sem fararstjóri með keppendum, en Kristján Sveinbjörnsson fór á eigin bifreið til að hafa í snúningum þar nyrðra. Jóhann Sigurjónsson, sem einnig var skráður til keppni í mótinu, lagði af stað norður með fjölskyldu á eigin bifreið. Hann varð þó að snúa við vegna skyndilegra veikinda sem upp komu. Þess skal getið, að fáir stjórnarmanna UMSK mættu á Landsmótíð og má það furðu gegna. Kristján Sveinbjörnsson var sá eini sem mætti úr aðalstjórn og Jón Ármann Héðinsson úr varastjórn.

Ekki vill Landsmótsnefnd eigna sér allan heiður af þáttöku UMSK í 17. Landsmótinu. Vert er að benda á mikilvægt framlag allra keppenda og ekki síður þjálfara, liðsstjóra og annarra starfsmanna.

Þá er ekki hægt að ljúka skýrslu Landsmótsnefndar án þess að geta Páls Aðalsteinssonar fyrrverandi formanns UMSK sem miðlaði óspart af þeirri miklu reynslu sem hann hefur af undanförnum landsmóttum auk þess sem hann tók virkan þátt í undirbúningnum. Landsmótsnefnd UMSK fyrir 17. Landsmótíð, vill að lokum þalka gott samstarf, þeim sem það eiga skilið.

F.h. Landsmótsnefndar,

Helgi Gunnarsson (sign).

Ungmennafélagið Afturelding

Arið 1981 var að mörgu leyti erfitt fyrir Ungmennafélagið Aftureldingu. Kom það fyrst og fremst fram í því hve erfiðlega gekk að fá fólk til starfa í aðalstjórn þess, en framhaldsaðalfund þurfti til að unnt væri að ljúka stjórnarkjöri. Stjórnin var þannig skipuð:

Formaður:	Ingólfur Árnason
Ritari:	Sigurður Símonarson
Gjaldkeri:	Margrét Arnórsdóttir
Meðstjórnendur:	Sigrún Vilhjálmsdóttir og Sigurbjörg Sigurðardóttir.

En árið hafði líka í fórum sínum ljósar hliðar og margar ánægju-stundir. Íþróttafólk okkar vann ágæt afrek í hinu ýmsu deildum og aldursflokkum. Starfandi deildir í árslok 1981 voru 5, en þær eru:

Bridgedeild,	form. Kristinn Baldvinsson
frjálsíþróttadeild,	" Bjarki Bjarnason
handknattleiksdeild,	" Davíð Bj. Sigurðsson
knattspyrnudeild,	" Þorgrímur Októsson
sunddeild,	" Alfa R. Jóhannsdóttir

Hafa allar deildir starfað af miklum dugnaði og krafti, þó að staður þeirra hafi verið og séu mjög misjafnar. Má þar fyrst og fremst nefna aðstöðu frjálsíþróttu- og knattspyrnudeilda til útiæfinga, en aðstaðan þar hefur verið mjög bágborin, þó vægt sé tekið til orða. Von er að úr rætist á næstunni, en íþróttasvæðið hefur nú verið skipulagt og hreppsnefnd lofað úrbótum.

Eins og svo oft áður er aðalstarf þeirra er standa í forsvari fyrir félagið og deildirnar að safna fé til að standa undir rekstri. Eitt aðal fjárlunarviðfangsefni félagsins í heild var að sjá um hátiðarhöld 17. júní á vegum Mosfellshrepps. Var það tíma-frekt mjög og lögðu þó fjölmargir félagsmenn á sig ómælda vinnu við undirbúning svo og framkvæmd hátiðarhaldanna sjálfra.

Helstu verkefni félagsins í náinni framtíð verða að koma æfinga-aðstöðunni utanhúss í viðunandi horf, en það verður án efa tíma-frekt og fjárfrekt viðfangsefni. Þá hefur borið á góma að ráða framkvæmdastjóra til að sinna daglegum rekstri og léttu undir með sjálfboðavinnu stjórnarfólks.

Félagsstarf Umf. Kjalnesinga 1981

A liðnu ári var starfsemi Ungmennafélags Kjalnesinga mjög lífleg. Þann 17. október s.l. var aðalfundur félagsins haldinn og skipa stjórn félagsins nú:

Aðalstjórn:	Kristinn Gylfi Jónsson,	formaður Brautarholti	66044
	Björn Björnsson	gjaldkeri Hörni	66086
	Snorri Hauksson	ritari Esjugrund	
	Garðar Jónsson	meðstj. Móum	66074
	Stefán Tryggvason	" Skrauthólum	66029
Varastjórn:	Magnea Guðný Ferdinandsd.	Lykkju	66046
	Björn Jónsson	Brautarholti	66044
	Jóhanna Pétursdóttir	Hjassa	66051

Félagar í UMFK eru nú 94.

Starf félagsins yfir árið skiptist í two flokka, vetrarstarf annars vegar og sumarstarf hinsvegar. Vetrarstarfið byggist aðallega upp á hinum svokölluðu opnu húsum sem höfð eru í félagsheimilinu Fólkvangi á laugardögum milli 2 og 4 yfir vetrarmánuðina. Þar gefst börnum og unglungum kostur á að spila borðtennis, fótboldaspil, bob og ýmis önnur spil. Þátttaka hefur yfirleitt verið góð.

Kvikmyndasýningar voru haldnar af geg til á árinu og var áhugi mikill fyrir þeim og þá sérstaklega hjá yngri kynslóðinni.

Hinar árlegu 3ja kvölda spilakeppnir voru haldnar tvívar á árinu, í mars og í nóvember. Þátttaka er alltaf góð, aðallega hjá þeim eldri, enda eru vinningar ávallt veglegir.

Sumarstarfið: Íþróttæfingar fóru vel að stað s.l. vor. Ráðnir voru sömu þjálfarar og árið áður, Sigvaldi Ingimundarson í frjálsar og Sigurður Bj. Gunnarsson í knattspyrnuna. Er leið á sumarið minnkaði þátttaka mikið og lognuðust þær hálfpartinn útaf. Það er aðstöðuleysi sem hrjáir okkur Kjalnesinga mikið í íþróttum, en nú á að gera gangskör í þessum málum. Nú búið er að láta smíða knattspyrnumörk fyrir félagið og unnið er að því að fá álit sérfróðra manna á því hvernig best megi endurbæta völlinn fyrir framán Klébergsskóla í samráði við hreppinn og skólann.

Bikarkeppni Kjósarsýslu: 30. ágúst stóð UMFK fyrir Bikarkeppni Kjósarsýslu sem haldin var við Kléberg og lagði félagið fram vegleg verðlaun. Keppt var í ýmsum greinum frjálsíþróttu en veður

hamlaði nokkuð keppni og urðu það annars nokkrir keppendur úr Aftureldingu í Mosfellssveit, sem tóku flest verðlaunin.

Garðrækt: S.l. sumar hófst garðrækt hjá UMFK en hún hefur ekkert verið á dagskrá félagsins í þó nokkur ár. Þetta tókst nokkuð vel og var útdeilt 25 skikum og var hver skiki 25 m². Ungmenna-félagið útvegaði allar garðplöntur og sá um jarðvinnuna. Þetta var svo fjármagnað með túnbökusölu af því túni sem sveitarstjórn létt féluginu í té.

Félagsmálanámskeið: Þann 26. mars fyrirhugar UMFK að halda félagsmálanámskeið í Fólkvangi og eru leiðbeinendur á vegum félagsmálaskóla UMFÍ.

Kristinn Gylfi Jónsson, formaður .

Starfsskýrsla Umf. Drengs.

65. aðalfundur Umf. Drengs var haldinn 7. febrúar 1981. Eftir aðalfundinn var undirbúningur fyrir dansleikina sem ákveðið var að halda í fjárlögunarskyni settur í fullan gang.

Spilavist var haldið áfram þar sem frá var horfið fyrir aðalfund en þá var búið að halda 2 og voru spilakvöldin alls 6 og var vel mætt á þau öll. Framhalds-aðalfundur var 28. júní 1981 og á fundinn komu þeir Kristján Sveinbjörnsson, form. UMSK, Skúli Oddsson, UMFÍ og Halldór Gíslason, Hvammsvík. Fámennt var á fundinum en samt líflegar umræður. 7 opinberir dansleikir voru haldnir á vegum félagsins og heppnuðust allir mjög vel. Innkoma í peningum til félagsins í hreinum hagnaði var um 10-20 þús. kr. á dansleik að meðaltali. Félagið fór í hópferð á landsmótið á Akureyri. Alls tóku 27 félagar þátt í ferðinni og var það mál manna að ferð þessi hefði heppnast frábærlega. Hagnaðinum af dansleikjum sumarsins var varið til endurbóta á Félagsgarði og var keypt stáklæðning á helming hússins og unnu félagarnir að þessu í sjálfboðavinnu. Ennfremur var gólflið slípað og lakkað, ný vatnslögn var tekin í notkun í haust, auk þess var dittað að öllu húsinu svo sem ný útihurð, nýtt teppi á stigann o.fl. Frámkvæmdir þessar fjármagnaði félagið að mestu en fólk þó styrk frá Kjósarhreppi.

Hinn árlegi jólafagnaður félagsins var haldinn með pomp og prakt. Eftir jólin og áramót undirbjuggu stjórnarmenn aðalfund þar á meðal lagabreytingar.

66. aðalfundur Umf. Drengs var haldinn 13. febrúar 1982 og var skipt þar um formann, Guðbrandur Hannesson sagði af sér formennsku en sonur hans, Hörður Guðbrandsson tók við formennsku og ákveðið var að halda sömu stefnu, það er fjármagna félagsstarfið með dansleikjahaldi.

F.h. Umf. Drengs,

Ólafur Magnússon, ritari (sign).

Umf. Bessastaðahrepps.

Stjórn félagsins skipa:

formaður:	Ólafur B. Schram
gjaldkeri:	Bjarni Frímannsson
ritari:	Sólveig Valgeirsdóttir
váraformaður:	Haukur Óskarsson
meðstjórnandi:	Einar Sveinn Reynisson.

Starf félagsins var á síðasta ári mjög blómlegt. Haldin voru bingó, félagsvist, böll fyrir eldri hreppsbúa svo og þá yngri, 17. júní hátiðarhöld í samstarfi við kvenfélagið og fleiri.

Þá sá UMFB um brennu hreppsins auk þess semsakipulagðar voru sundlaugaferðir, skíðaferðir, þá var skák, borðtennis og knattspyrna iðkuð.

Félagsmálanámskeið var haldið og íþróttanámskeið fyrir 6-12 ára íbúana, sem var mjög vel sótt.

Iþróttafélagið Gerpla.

A aðalfundi Iþróttafélagsins Gerplu í Kópavogi voru eftirtaldir aðilar kosnir í stjórn félagsins, starfsárið 1982:

Aðalstjórn:

Margrét Bjarnadóttir, formaður
 Sigurður Sverrisson, gjaldkeri
 Þorsteinn M. Gunnarsson
 Sigmar H. Sigurðsson
 Valdís Guðmundsdóttir
 Sveinbjörn Ímsland
 Óskar Karlsson

Fimleikadeild:

Agnes Agnarsdóttir, formaður
 Þórunn Ísfeld
 Berglind Pétursdóttir
 Bryndís Kristjánsdóttir

Badmintondeild:

Einar Davíðsson, formaður
 Héðinn Jónsson
 Geir Sæmundsson
 Svavar Jóhannesson

Judódeild:

Guðmundur Rögnvaldsson, formaður
 Þór Jónsson
 Jónas Erlendsson

Borðtennisdeild:

Bergþóra Sveinsdóttir, formaður
 Þorfinnur Guðmundsson
 Einar Snorri Hjartarson
 Guðrún Einarsdóttir

Karaetdeild:

Ævar Þorsteinsson, formaður
 Kjell Teit
 Einar Karl Karlsson

Hússtjórn:

Helgi Laxdal
 Erla Þorleifsdóttir
 Tómas Guðmundsson

Iþróttafélagið Gerpla Kópavogi.

Iþróttafélagið Gerpla í Kópavogi hélt upp á lo ára afmæli félagsins á liðnu voru með stórrri hátiðasýningu og afmælisfagnaði daginn eftir í húsa kynnum félagsins að Skemmuvegi 6, Kópavogi.

Ráðist var í miklar byggingaframkvæmdir á árinu. Ónotað rými á lofti yfir búningsklefum var innréttar. Þar er nú íþróttasalur, búinn speglum til ballettæfinga og judóðýnum, tvö búningsherbergi með snyrtingu, sturtur, gufubað og hvíldarherbergi, auk þess rúmgóð félagsaðstaða. Einnig er hægt að nýta þetta svæði fyrir áhorfendur, ef mótt eða sýningar eru í stóra salnum.

Gerplufólk hefur staðið sig vel á árinu á íþróttasviðinu, tekið þátt í fjölda móta og sýningum bæði hér heima og erlendis.

Fimleikastúlkurnar okkar tóku þátt í Norðurlanda-mótinu í Finnlandi sl. vor og alþjóðlegu fimleikamóti í Luxemborg í desember. Þar unnu þær briðju verðlaun í flokkakeppninni og Kristín Gísladóttir vann 1. verðlaun í sínum aldursflokk, sem er frábær árangur.

Farið var í sýningarferðir til Akraness og Vestmannaeyja og styttri ferðir hér í nágreninu. Stóra sýningar og keppnisferðin var á landsmótið á Akureyri. Farið var norður Kjölf til Akureyrar, síðan norður í Pingeyjasýslu og Sprengisand til baka og auðvitað var gist í Landmannalaugum síðustu nóttina.

Félagið hefur stækkað mikið á liðnu hausti, "eins og ll ára börn gera ". Nýjar deildir, Karatedeildin og Judódeildin æfa af miklum eldmóði og fimleikaiðkendur eru komnir yfir 500

Af mónum á árinu 1982, er það helst að fréttar, að Karate vann silfurverðlaun í flokkakeppninni á Íslandsmótinu og Judómaðurinn Gunnar Jóhannsson vann silfur á Íslandsmótinu um sl. helgi. Fimleikadeildin vann gull í öllum aldursflokkum á Unglingameistaramótinu, auk fjölda annara verðlauna.

UMSK á mikið af upprennandi, efnilegu íþróttafólk. Hlúum vel að því sem við eigm og látum ekki deigan síga.

Bestu hamingjuðskir færum við UMSK með 60 ára afmælið.

Félagskveðjur

Iþróttafélagið Gerpla Kópavogi.

R e k s t r a r r e i k n i n g u r

G J Ö L D:

Laun	Kr.	22.000.-
Akstur	"	12.000.-
Kostn. vegna skrifstofu	"	35.969.65
Kostn. vegna landsmóts	"	15.898.40
Fæði á landsmóti	"	13.385.57
Búningar fyrir landsmót	"	51.550.-
Fargjald á landsmót	"	22.752.20
Mótakostnaður, verðlaun	"	12.177.-
Ferðakostnaður	"	7.000.-
Vextir	"	3.257.93
U.M.S.K. blaðið	"	50.702.40
Viðhaldskostnaður	"	80.-

Kr. 246.771.15

1/1.- 31/12. 1 9 8 1

T E K J U R:

Framlag Kópavogs	Kr.	20.000.-
Framlag Garðabæjar	"	3.000.-
Framlag Seltjarnarnes	"	2.500.-
Framlag Mosfellssveitar	"	5.000.-
Framlag Kjósarhrepps	"	1.000.-
Framlag Sýslusjóðs	"	16.000.-
Framlag félaga	"	30.900.-
Útbreiðslustyrkur ^{I S L}	"	18.297.85
Getraunir	"	13.877.82
Seldir búningar	"	24.190.-
Endurgreiddur ferðakostnaður	"	6.500.-
UMSK blaðið	"	58.300.-
Aðrar tekjur	"	673.15
<u>Halli</u>	"	<u>46.532.33</u>
<hr/>	Kr.	<hr/> 246.771.15 <hr/>

1/l. - 31/12. 1981

S K U L D I R:

Áv.reikn 989	Kr.	5.196.13
Ógr. til félaga	"	11.563.60
Ógr. til félaga fyrir fari	"	7.785.70
Lánadrottnar	"	8.210.-
Ógreidd prentun	"	9.300.-
Ógreiddir búningar	"	9.050.-
Ógreiddir bakmiðar	"	1.195.-
Höfuðstóll 1/l	91.957.40	
- bakfærðar tekjur	29.600.-	
<u>- halli</u>	<u>46.532.33</u>	<u>" 15.825.07</u>
	Kr.	68.125.50



E f n a h a g s r e i k n i n g u r

E I G N I R:

Áv.reikn 237	Kr.	3.724.60
Sparisjóðsbók	"	49.06
Skulðunautar	"	12.664.94
Sumarhús	"	30.000.-
Tjöld	"	6.000.-
Búningar	"	5.500.-
Ógreitt frá félögum	"	9.196.90
Annað útistandandi	"	540.-
Ritvél	"	450.-
<hr/>		
<hr/>		
<hr/>		Kr. 68.125.50
<hr/>		

L Õ G U.M.S.K.

1. gr.

Sambandið heitir Ungmennasamband Kjalarneþings, skammstafað U.M.S.K. Sambandssvæðið er Kjósarsýsla, Kópavogskaupstaður, Seltjarnarneskaupstaður og Garðabær.

2. gr.

Rétt til að vera í sambandinu hafa þau ungmenna- og íþróttafélög sem koma til með að vera starfandi á sambandssvæðinu og hafa lög sín í samræmi við lög Ungmennafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands og starfa í anda þeirra.

3. gr.

Félag sem óskar inngöngu í sambandið, skal senda skriflega umsókn til stjórnar þess ásamt lögum félagsins og skrá yfir stofnfélaga. Félagið öðlast ekki fulla aðild að sambandinu fyrr en sex mánuðum eftir að sambandsstjórn hefur samþykkt að veita félaginu inngöngu..

4. gr.

Sambandið skal árlega halda héraðsping og skal það haldið í febrúar ár hvert og til skiptis hjá sambandsfélögnum. Viðkomandi félag ber allan kostnað af þinghaldinu, annan en ferðakostnað þingfulltrúa. Þó getur sambandsstjórn ákveðið aðra tilhögun með héraðsping, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þing skal boðað með minnst 14 daga fyrirvara. Stjórn sambandsins getur kvatt til aukapings, ef nauðsyn krefur.

5. gr.

Héraðsping úrskurðar reikninga sambandsins, sem skulu miðast við almanaksárið. Það reðir og gerir tillögur um starfsemi sambandsins. Ef deilur rísa milli félaga sambandsins, ber héraðspingi að úrskurða þær.

Héraðsping ákveður skatt félaganna til sambandsins. Árs-skýrslu og skattinn skulu sambandsfélögini senda fyrir 1. febrúar ár hvert.

6. gr.

Sambandsfélögini kjósa aðalfulltrúa og vara á félagsfundum sínum, til að mæta á héraðspingi, sinn fyrir hverja 2 tugi eða brot úr tug, gjaldskyldra félagsmanna 16 ára og eldri. Þó skulu fulltrúar aldrei vera fleiri en 8 frá sama félagi. Auk þess skal formaður vera sjálfkjörinn aðalfulltrúi á sambandsþing. Stjórnarmeðlimir sambandsins hafa atkvæðisrétt þótt þeir séu ekki kjörnir fulltrúar. Héraðsping er lögmátt, ef 2/3 kjörnir fulltrúar eru mættir á héraðspinginu.

7. gr.

Stjórm sambandsins skipa 5 menn. Formaður skal kosinn sér en aðrir stjórnarvinn í einu lagi, þá skal kjósa því já menn í varastjórn og enn fremur tvo endurskoðendur og tvo til vara. Heimilt er stjórninni að skipa starfsefndir sér til aðstoðar við sérstök verkefni eða ákveðna þetti starfsins, telji hún þess þörf.

Skylt er stjórninni að helda minnst ársfjórðungslega fundi með formónum aðildarfélaga UMSK.

8. gr.

Stjórnin stýrir málafnum sambandsins milli þinga og fylgist með starfsemi félöganna. Hún varðveitir sjóði sambandsins og aðrar eiginr eg leggur fram endurskoðaða reikninga á hverju héruðsþingi. Stjórnin skal setja reglur um allar ferðir á vegum sambandsins.

9. gr.

Innan sambandsins sterfar héruðdómstóll, í honum eru 3 menn og 3 til vara, kosnir til tveggja ára. Áriega gengur einn meður úr dómnum og kys ársþingið einn í hans stað. Í fyrsta sinn verði þeir allir kosnir í einu, aðal- og veramenn en jafnun gata að kjósa í héruðsdómstól þá menn er hafa fjölhæfa þekkingu á íþróttarálum. Héraðsdómendur mega ekki vera yngri en 21 ára. Í dómnum má ekki sitja nema sinn maður úr sama félagi, hvortki sem aðal- né veramaður.

10. gr.

Tillögur til lagabreytingar skal leggja fram í upphafi þings og sé þeim síðan vísað til lagoneindar sem skal vera ein af fastanefndum þingsins. Tillögur til lagabreytingar skulu hafa þorist sambandsstjórn 15 dögum fyrir sambandsþing.

11. gr.

Héraðsþing getur breitt lögum þessum með 2/3 græiddra atkvæða á héruðsþingi.

12. gr.

Með gildistöku laga þessara eru úr gildi fallin eldri lög sambandsins.